

BAUHAUS slhf.
Lambhagavegi 2-4
113 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022
UST202204-058/F.K.
07.00

Hættulegar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 12.5.2022 þar sem tilgreindar voru kröfur um uppfærð öryggisblöð og úrbætur á merkingum í samræmi við kröfur í II. viðauka við REACH og reglugerð nr. 415/204 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna fyrir vöruna Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart, 1L) sem fyrirtækið BAUHAUS slhf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Nánari upplýsingar um umfang eftirlits og frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í eftirlitsskýrslu sem hefur verið birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur dregið vöruna af markaði og staðfestu förgun birgða þann 06.09.2022.

Að framansögðu telst máli þessu sem hófst með bréfi dags 11.04.2022 lokið.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með hættulegum vörum til viðhalds og þrifa bifreiða og því aðeins gerðar athugasemdir við vöruna sem lenti í úrtaki. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem BAUHAUS slhf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu og sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn hefur verið út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000,-.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur